

STJÓRNARTÍÐINDI B 61 – 1994

12. ágúst 1994

1453

Nr. 469

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 405, 15. júlí 1994,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995.**

1. gr.

Tveir fyrstu málsliðir 5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

5. Innfjarðarrækja samtals: 6050 lestir
þ.a. Eldey 1500 lestir

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. ágúst 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

9. ágúst 1994

Nr. 470

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 291, 31. maí 1994,
um botn- og flotvörpur.**

1. gr.

3. mgr. 1. gr. orðist svo: Með poka í reglugerð þessari er átt við aftasta hluta vörpunnar. Pokinn skal allur jafnbreiður og skorinn á legg eða síðum. Heimilt er þó að þrengja poka (sekk) á leisum í tveimur öftustu metrum pokans. Óheimilt er að nota umbúnað af nokkru tagi til þess að koma í veg fyrir rennsli afla aftur í poka.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I, orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. reglugerðar þessarar er heimilt að nota botn- og flotvörpu með lágmarksmöskvastærðinni 135 mm. Þó skal lágmarksstærð möskva í a.m.k. 8 öftustu metrum vörpunnar vera 155 mm þegar togveiðar eru stundaðar á svæði fyrir Vestur- og Suðurlandi innan línu, sem dregin er 310° réttvísandi frá stað 66°00'N, 25°15'V og innan línu, sem dregin er frá stað 66°00'N, 25°15'V, í stað 64°53'N, 25°15'V

B 101

Steindórsprent Gutenberg hf.

og þaðan í 90° réttvísandi í stað í 12 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu suður og austur um að 19°50'V, þaðan í stað 63°06'N, 18°00'V, síðan í 65° réttvísandi að 10°00'V og þaðan 90° réttvísandi út að mörkum fiskveiðilandhelginnar.

Á tímabilinu 1. september til 31. desember er heimilt að nota 135 mm riðil í allri vörpunni á svæði milli 18°00'V og 21°00'V. Að norðan markast svæðið af línu, sem dregin er 6 sjómíliur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 299/1975.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. ágúst 1994.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til veiða íslenskra skipa sem veiða utan 200 sjómílna fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin tekur ekki til veiða í fiskveiðilandhelgi annarra ríkja.

2. gr.

Skipstjórar íslenskra fiskiskipa, sem fara til veiða, utan fiskveiðilandhelgi Íslands, skulu tilkynna það Fiskistofu við upphaf hvernar veiðiferðar eða svo skjótt sem unnt er. Í tilkynningu skal greina nafn skips og skipaskrárnúmer, nafn skipstjóra, hvar fyrirhugað er að stunda veiðar og hvenær áætlað er að þær hefjist. Óheimilt er að hefja veiðar utan 200 sjómílna fiskveiðilandhelgi Íslands án þess að það hafi verið tilkynnt til Fiskistofu áður.

Tilkynna skal einnig hvenær veiðiferð lýkur, ekki seinna en við lok hennar. Skal þá tilkynna hvar fyrirhugað sé að landa aflanum.

3. gr.

Fyrir 20. hvers mánaðar skal útgerð fiskiskips hafa tilkynnt afla undangengings mánaðar til Fiskistofu á þar til gerðu eyðublaði sem Fiskistofa lætur í té. Útgerðarmönnum og skipstjórnum er jafnframt skylt að gefa Fiskistofu, án endurgjalds, allar þær upplýsingar varðandi veiðar skipanna utan fiskveiðilandhelgi Íslands og ráðstöfun aflans sem unnt er að láta í té og óskað er eftir á umræddu eyðublaði eða með öðrum hætti.